

83. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis

Haldinn í Glerárskóla 3. mars 2015

Mættir voru: Berglind Rafnsdóttir, Helgi Stefánsson, Sigurður Magnússon, Pétur Örn Birgisson og Sigrún Elva Briem.

1. Aðalfundur 2015

Rætt var um aðalfundinn sem haldinn verður 15. apríl 2015 n.k. kl. 20:00 í matsal Glerárskóla. Auglýsingum þarf að sinna sem og fá erindi á fundinn. Pétur Örn tekur að sér að tala við Sverrir Thorsteinsson og athuga hvort hann vildi halda smá fyrirlestur um útiverustaði í kringum hverfið okkar. Smá fundur verður fyrir aðalfundinn þar sem allt verður gert klárt fyrir fundinn.

2. Yfirferð fundagerða frá síðasta aðalfundi

Nefndarmenn í samráði við formann ákváðu að taka saman allar beiðnir til Akureyrarbæjar sem sendar hafa verið í formi fundagerða og athuga svörin sem hafa borist. Formaður, Berglind tekur vel í þetta og hefur þetta klárt fyrir næsta fund.

3. Stjórn 2015-2016

Pétur óskaði eftir að hætta eftir þetta ár og spurning með aðra fundarmeðlimi, hvort þeir vilji halda áfram eður ei. Formaður óskaði eftir að hætta sem formaður en þó ekki í hverfisnefnd. Vill að aðrir fái að spreyta sig á formannsstarfinu.

Næsti fundur verður haldinn 4.apríl 2015.